

Ungir ökumenn og mat þeirra á hættu í umferðinni

Rannveig Þórisdóttir

Marius Peersen

Haukur Freyr Gylfason

Hér er aksturshegðun ungmenna sem lent hafa í umferðarslysi sem ökumenn borin saman við aksturshegðun þeirra sem ekki hafa lent í slysi. Notast er við gögn sem safnað var með spurningalista meðal nemenda í 12 framhaldsskólum og Háskóla Íslands, samtals 1.650 einstaklingar á aldrinum 17 til 30 ára.

Tæplega 39% þátttakenda sögðust hafa lent í alvarlegu umferðaróhappi þar sem þeir voru ökumenn. Flestir höfðu aðeins lent einu sinni í slíku óhappi en rúmlega 12% höfðu lent í alvarlegu umferðaróhappi tvisvar sinnum eða oftar.

Fram kemur að þeir sem lent hafa í alvarlegu umferðaróhappi eru líklegri en aðrir til að taka áhættu í umferðinni en að sama skapi eru þeir líklegri til að hafa lent í smávægilegum óhöppum og í óhöppum sem farþegar. Athygli vekur að þeir sem lent hafa í alvarlegum umferðaróhöppum telja líklegra en aðrir að þeir lendi í umferðaróhappi, ekki er hins vegar munur á milli hópa þegar kemur að áhyggjum af því að lenda í slysi og mati á eigin aksturshæfni.